

## **Svæðisráðstefna svæðisnefndar GSA – samstakanna á Íslandi 8. nóvember 2018 kl: 20:00 - . Reykjavík**

Atkvæðisrétt á fundinum höfðu deildarfulltrúar eða varamenn þeirra ef deildarfulltrúi mætti ekki (eitt atkvæði á hverja deild).

Mættir:

Sunnudagsdeild: Deildarfulltrúi mætti.

Þriðjudagsdeild: Deildarfulltrúi mætti.

Miðvikudagsdeild (Grindavík): Deildarfulltrúi mætti.

Fimmtudagsdeild: Deildarfulltrúi mættu.

Laugardagsdeild: Deildarfulltrúi mætur.

Akranesdeild: Engin mættir

Akureyradeild: Enginn mætur

Skype deild: / Zoom fundir:- Deildarfulltrúi mættur.

Aðrir sem eru mættir:

Engir aðrir GSA félagar mættir.

### **Dagskrá:**

1. Oddamaður las 3. og 4. grein samþykktar Svæðisnefndar um hlutverk og helstu verkefni svæðisnefndar.
2. Fundagerð frá Svæðisnefndafundi GSA – samtakanna á Íslandi frá september 2018 lesinn. Hún samþykkt.
3. Deildarfulltrúi Sunnudeildar sem er að taka við sem gjaldkeri kom með pappíra fyrir fundarmenn að skrifa undir en svæðisnefnin er með bankamálin sín hjá Arion banka.
4. Skype deildin hefur ákveðið að breyta yfir í Zoom á fundum vegna þess að það hafa verið að koma upp vandamál með Skypid. Zoom er mjög svipað byggt upp og skype en þarf ekki að hringja inn heldur fer viðkomandi inn á slóð sem er inn á gsa.is. Búið er að setja inn leiðbeiningar á gsa.is.
5. Afmælisfundurinn árið 2019 Afmælisfundur verði 16. Febrúar. Oddmaður mun panta salinn VON hjá SÁÁ. á laugardaginn og verður beðinn um að flytja fundin sinn yfir í salinn 6. Það þarf að fá 3 til 4 til þess að leiða. Það væri gott að ein af þeim yrði karlmaður. Deildarfulltrúi sunnudagsdeildar ætlar að skoða það. Gott væri að einn leiðari væri búinn að vera lengi og annar mjög stutt. Spurning að reyna aftur að fá einhvern maka til að tala. Deildarfulltrúi þriðjudagsdeildar ætlar að tala við ein meðlim um að fá maka

viðkomandi til að leiða. Deildarfulltrúi laugardagsdeildar ætlar að skoða með leiðara sem er með stutt fráhald.

6. Prentun á gráu síðunni. – Samskipti með 500 eintök á 120 til 200 gr brotið í þrjá hluta. Kostar 16. 900 krónur án vsk. Engvar athugasemdir sendar á útgáfuráð. Oddamaður ætlar að fá upplýsingar um hver kostnaðurinn verði ef farið verður í 1000 eða 1500 eintök. Stefnt að því að nýja síðan komi til afhenntingu á afmælisfundinum.

## Önnur mál

Það hafa borist póstur á [gsa@gsa.is](mailto:gsa@gsa.is) með fyrirspurnir um skype fundina – frá íslendingum sem búa erlendis eða út á landi. Auk þess hafa borist fyrirspurnir um fundinn erlendis sérstaklega frá bandaríkjunum og hvort þessir fundir séu á ensku.

Nýlegir hafa borist kvartanir á [gsa@gsa.is](mailto:gsa@gsa.is) vegna þess að félagar eru ekki að bjóða sig fram sem sponserar. Deildarfulltrúar þurfa að fylgjast með hvort þetta sé virkilega að gerast eða hvort að um sé að ræða stök atvik. Auk þess hafa borist fyrirspurnir frá karlmönnum vegna óska um karlmenn sem sponsera hefur þeim verið bent á að karlmenn sækja allar deildir en mis mikið.

Ritari þarf að láta deildarfulltrúa sunnudagsdeildar, laugardagsdeildar og Zoom deildar fá aðgang að dropboxinu.

Næsti fundur yrði 7 – 11. janúar 2019

Fundurslitið kl: 21:45